

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 05. maí 2014
UST20140400249

Efni: Tillaga að þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun 2013-2016. Umsögn.

Umhverfisstofnun vísar í erindi nefndasviðs Alþingis (umhverfis- og samgöngunefndar) vegna umsagnar um tillögu til þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2013-2016, þingskjal 855 – 495. mál.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir tillögu að þingsályktun og hefur eftirfarandi athugasemdir:

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á því að stofnunin fer með umsjón og rekstur friðlýstra svæða á Íslandi samkvæmt lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Í 38. grein fyrrnefndra laga um hættu á röskun náttúruminja segir að leyfi Umhverfisstofnunar þurfi til framkvæmda þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum. Á heimasíðu stofnunarinnar er að finna nánari upplýsingar um staðsetningu og skilmála friðlýstra svæða.

Umhverfisstofnun bendir á að á áætluninni er gert ráð fyrir hringvegi um Berufjarðarbotn. Framkvæmdin hefur farið í gegnum mat á umhverfisáhrifum. Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur í gegnum svæði sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 37. grein laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun hefur gert athugasemdir í matsferlinu þess efnis að skoða eigi þann kost að endurbyggja núverandi veg til að forðast óafturkræft rask á leirum og strönd sem njóta sérstakrar verndar. Í matsskýrslu kom m.a. fram að gerð hafi verið úttekt á fuglalífi þar sem fram kemur að leiran fyrir botni Berufjarðar sé sérstök fyrir svæðið vegna fjölda tegunda og einstaklinga sem þar dvelja. Í álit Skipulagsstofnunar um framkvæmdina kemur fram að skv. Ramsarsamningnum um vernd votlendis sem Ísland hefur fullgilt er grunnsævi talið til votlendis og við lagningu vegar um botn Berufjarðar muni grunnsævi raskast. Að auki kemur fram að vegur um botn Berufjarðar komi til með að hafa talsverð neikvæð áhrif á upplifun þeirra ferðamanna sem kjósa að stunda útivist fjarri mannvirkjum og að ásynd svæðisins muni breytast varanlega miðað við núverandi aðstæður.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á mikilvægi þess að vegum um vinsæla ferðamannastaði sé viðhaldið nú þegar áætlað er að mikill fjöldi ferðamanna komi til landsins á næstu árum, og minnir stofnunin einnig á átakið Ísland allt árið sem hefur það að markmiði að styrkja ferðaþjónustu utan háannatíma. Umhverfisstofnun bendir á í því sambandi að mikilvægt er að Vegagerðin hafi umsjón með gerð bílastæða á vinsælum ferðamannastöðum til að tryggja yfirsýn og samræmi þegar kemur að stærð bílastæða og öryggiskröfum en í góðu samstarfi við umhverfisyfirvöld og sveitarfélög þegar kemur að umhverfisáhrifum og skipulagningu. Með vaxandi fjölda ferðamanna þá er ljóst að margvísleg vandamál verða til á þeim svæðum sem vinsælust eru. Í mörgum tilfellum eru vinsælir ferðamannastadir einnig friðlýst svæði sem eru undir umsjón Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun telur því mjög nauðsynlegt að aðgengi ferðamanna um vinsæla ferðamannastaði sé tryggt bæði með tilliti til öryggis og náttúruverndar.

Umhverfisstofnun vill benda á að nú stendur yfir vinna vegna friðlýsingar Látrabjargs. Í deiliskipulagi fyrir svæðið sem unnið er fyrir Vesturbyggð í samstarfi við Umhverfisstofnun og starfshóp um framtíðarskipulag Látrabjargs og umhverfi, kemur fram að svæðið er þungamiðja og þekkt aðdráttarafli ferðamanna. Fram hafa komið mikilvæg sjónarmið um það að færa Örlygshafnarveg upp fyrir þorpið á Hvallátrum en í dag liggur vegurinn í gegnum miðju þorpsins og út á Látrabjarg. Ljóst er að núverandi vegur í gegnum þorpið hefur í för með sér mikla truflun fyrir þá sem þar dvelja og er ljóst að með friðlýsingu svæðisins og aukins ferðamannafjölda mun umferð um veginn aukast frá því sem nú er.

Umhverfisstofnun vill að lokum benda á að hávaði er talinn eitt af stærstu heilbrigðisvandamálum nútímans. Hávaði getur haft mikil áhrif á heilsu fólks og lífsgæði, m.a. truflað svefn og hvíld og valdið stressi. Árið 2005 tók gildi [reglugerð um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir](#), var hún sett til innleiðingar á [tilskipun 2002/49/EB um mat og stjórnmál á hávaða í umhverfinu](#). Markmið reglugerðarinnar er að kortleggja og meta hávaða

og leggja grunn að aðgerðum til að draga úr ónæði og truflunum af völdum hávaða. Reglugerðin tekur til hávaða sem fólk verður fyrir á byggðum svæðum, á útivistarsvæðum, og kyrrlátum svæðum í þéttbýli og dreifbýli, við skóla, sjúkrahús og aðrar byggingar þar sem fólk er viðkvæmt fyrir hávaða. Á Íslandi er að finna stóra vegi og þéttbýlissvæði skv. skilgreiningum reglugerðarinnar og skyldi kortleggja skv. því. Veghaldari geri hávaðakort sem sýni stöðu ársins á undan fyrir stóra vegi og sveitarstjórn útbúi hávaðakort sem sýni stöðu ársins á undan fyrir þéttbýlissvæði. Meta skal á fimm ára fresti hvort nauðsynlegt sé að endurskoða hávaðakort. Komi í ljós við hávaðakortlagningu að hávaði er yfir umhverfismörkum, skv. [reglugerð um hávaða](#), skal vinna áætlun um aðgerðir með það að markmiði að draga úr áhrifum hávaða. Sveitarstjórn ber ábyrgð á að aðgerðaáætlun sé gerð og skal hún unnin í samvinnu við veghaldara stórra vega á svæðinu.

Umhverfisstofnun vekur því athygli á mikilvægi þess að gætt sé að hljóðvist strax á hönnunarstigi vega og því síðan fylgt eftir að rétt sé staðið að málum, því erfitt og kostnaðarsamt getur reynst að bæta úr göllum eftir á og einnig hugsanlegt að það gæti valdið neikvæðum umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að draga úr hávaða vegna umferðar á vegum í náttúru Íslands til að halda í þau gæði sem kyrrð og ró íslenskrar náttúru hefur upp á að bjóða.

Virðingarfyllt

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir